

**Nd.**

**604. Þingsályktun**

um verslanir ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um :

1. Að gerð sje alvarleg gangskör að því að semja um greiðslu á og kalla inn útistandandi skuldir áfengisverslunarinnar og að framvegis verði útlán verslunarinnar takmörkuð svo sem frekast má verða, enda sje alls ekki veittur gjaldfrestur á öðru en lyfjum, og hann sem stýstur.
2. Að gerð verði upp til fullnustu viðskifti eldri landsverslunarinnar og tóbakseinkasölunnar.
3. Að gerð sje gangskör að því að semja um og kalla inn útistandandi skuldir steinolíuverslunarinnar, og að framvegis verði gætt varúðar um útlán.